

Kirkjuþing 2020-2021.
13. mál - þskj. 13.

T I L L A G A
til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna.
(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af kirkjuráði.
Frsm. Stefán Magnússon.

Kirkjuþing 2020-2021 heimilar sölu eftirtaldrar fasteignar í eigu Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu:

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Syðra-Laugaland.

Brúnir.

Heimildarákvæði um sölurnar gildir fram að kirkjuþingi 2022.

Greinargerð.

Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 11. mars 2020 að óska eftir söluheimild fyrir jörðina Syðra-Laugaland.

Í 36. máli kirkjuþings 2019 samþykkti kirkjuþing tillögu kirkjuráðs um að felld yrði brott skylda til að leggja til prestsbústað á Laugalandi í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi. Með brottfalli skyldu til að halda úti prestssetri fellur einnig brott búsetuskylda prests á prestssetrinu, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum. Þykir því rétt að afla heimildar kirkjuþings til sölu jarðarinnar.

Á 314. fundi kirkjuráðs var samþykkt að óska eftir söluheimild fyrir jörðina Brúnir sem er aðliggjandi jörð Syðra-Laugalands. Í ljósi þess þykir rétt að fengin sé heimild kirkjuþings til sölu jarðarinnar svo kirkjuráð fái það svigrúm að meta hvort rétt sé að selja jarðirnar saman.